

Skýrsla stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2014-2016

Stjórn

Á aðalfundi samtakanna 10. október 2014 voru eftirtalin kjörin í stjórn:

Aðalstjórn:

Gunnar Þorgeirsson, formaður, Grímsnes- og Grafningshreppur
Stefán Bogi Sveinsson, Fljótisdalshérað
Bryndís Gunnlaugsdóttir, ritari, Grindavíkurbær
Jón Óskar Pétursson, Skútustaðahreppi
Unnur Lára Bryde, Hafnarfjarðarbær
Anna Lóa Ólafsdóttir, Reykjanesbær
Árni Eiríksson, Flóahreppi

Varastjórn:

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Gunnsteinn Ómarsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Sigrún Hauksdóttir, Húnavatnshreppi

Á tímabilinu hættu tveir fulltrúar í aðalstjórn þar sem þeir létu af störfum sem sveitarstjórnarmenn en það voru Bryndís Gunnlaugsdóttir sem hætti í stjórn þann 19. janúar 2016 og Anna Lóa Ólafsdóttir sem hætti haustið 2015.

Fundir stjórnar

Alls hafa á tímabilinu verið haldnir átta stjórnarfundir, einn á árinu 2014, fjórir á árinu 2015 og þrír á árinu 2016. Vorfundur stjórnar 2016 var haldinn á Suðurlandi þar sem meðal annars var farið að Búrfellsvirkjun, Sultartanga og vindmyllur á Hafinu voru skoðaðar. Á tímabilinu hefur stjórn, ýmist í heild eða hluti hennar, átt fundi með ráðamönnum og hagsmunaaðilum sem hér segir:

- 22. október 2015 - Fundur með innanríkisráðherra
- 4. nóvember 2015 - Fundur með Samorku og sambandinu
- 10.-11. nóvember 2015 – Formaður og framkvæmdastjóri sátu ráðstefnuna „The role of the Nordic municipalities and region in the green transition“
- 2. desember 2015 - Fundur með verkefnisstjórn og faghópi um rammaáætlun

Á tímabilinu stóðu samtökin fyrir fræðslufundi í Mývatnssveit sem bar heitið Orka og ferðaþjónusta og var haldinn 15. október 2015. Erindi frá fundinum eru aðgengileg á heimasíðu samtakanna, www.orkusveitarfelog.is.

Stjórnin hefur unnið eftir stefnumörkun stjórnar sem byggir í grunninn á tilgangi samtakanna eins og hann er settur fram í samþykktum. Stjórn útfærði þau síðar í markmið, leiðir að þeim og fyrstu skref. Stefnumörkunin er mikilvægt plagg og góður leiðarvísir fyrir starf stjórnar. Telja má eðlilegt að nýkjörin stjórn í hvert sinn taki stefnumörkunina upp og uppfæri að minnsta kosti fyrstu skref, eftir því sem málum vindur fram.

Samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga

Frá upphafi hefur verið gott samstarf milli orkusveitarfélaga og sambandsins. Samtökin eru hýst á skrifstofu sambandsins sem leggur þeim til starfsmann, símasvörun, bókhalds- og tækniþjónustu gegn fastri árlegri greiðslu. Valur Rafn Halldórsson er starfsmaður orkusveitarfélaga hjá sambandinu og hefur hann verið það frá stofnun samtakanna.

Samstarf milli samtakanna og sambandsins hefur aukist á þessu tímabili. Það sem varð til þess var sameiginlegt erindi sem samtökin, sambandið og Samorka sendu innanríkisráðherra. Í erindinu var óskað eftir að stofnaður yrði starfshópur sem myndi skoða lagaumhverfi orkugeirans með það að markmiði að meira sitji eftir hjá nærsamfélaginu. Starf hópsins hefur gengið hægt en þetta er samt sem áður stórt skref. Það að sveitarfélögin og Samorka séu orðin sammála er mikilvægt skref í því að ná lengra í hagsmunabaráttu samtakanna.

Á þetta vel við stefnumörkun sambandsins en í henni kemur fram að áherslu á að leggja á endurskoðun á undanþáguákvæðum laga um skráningu og mat fasteigna.

Samtökin áttu einnig samtal við sambandið um regluverk í kringum vindmyllur og sendi sambandið erindi á umhverfis- og auðlindaráðherra með ósk um að stofnaður yrði starfshópur til að útbúa regluverk í kringum vindmyllugarða.

Hvað hefur breyst á tímabilinu

Dómur í máli Landsvirkjunar og Fljótsdalshéraðs féll í hæstarétti á tímabilinu. Hér má sjá dóminn í heild sinni <http://haestirettur.is/domar?nr=10691>. Þar kemur fram í niðurstöðu dómsins að meta skuli vatnsréttindi til fasteignar. Með þessum dómi er viðurkennt það sem haldið hefur verið fram af samtökunum að það er ekki einungis húsið sem virkjunin fer fram í sé metið til fasteignar heldur allt sem því viðkemur.

Kerfisáætlun Landsnets til 4 ára hefur verið lögð fram og staðfest á Alþingi. Með þeirri áætlun eru áætlanir Landsnets settar í mjög skýran farveg. Það sem gerst hefur á allra síðustu dögum eru áhrif nýrra Náttúruverndarlaga sem setur allar þessar áætlanir á annan stað en áður var áætlað. Nauðsynlegt er fyrir stjórn Orkusveitarfélaga að fylgjast vel með þróun mála og láta línulagnir einnig til sýn taka sem hluta af verkefnum samtakanna.

Komandi verkefni

Ný stjórn mun hafa nóg að gera en mikilvægt er að fylgja eftir þeim verkefnum sem núverandi stjórn hefur komið af stað í tengslum við regluverk í kringum vindmyllugarða og afnám undanþága á raforkumannvirkjum.

Einnig þarf að halda áfram að kynna málstaðinn fyrir ráðamönnum. Mikilvægt er að fara í kynningarátak fljótlega eftir kosningar og kynna fyrir þingmönnum markmið og tilgang samtakanna. Einnig þarf ný stjórn að funda með ráðherrum.

Að lokum

Eins og fram kemur hefur verið í mörg horn að líta í málefnum orkuvinnslu og þá ekki síður málefni línulagna. Stjórn hefur látið þessi mál sig varða og er nauðsynlegt að fylgja málum eftir við nýja ráðamenn sem kosnir verða til þeirra verka í komandi kosningum. Einnig er á grundvelli fyrir liggjandi dóms hæstaréttar, á Fljótsdalshéraði, að fylgja eftir við Þjóðskrá mati á vatnsréttindum, en þar er umtalsverð vinna sem þarf að eiga sér stað. En eins og fjárveitingum til Þjóðskrár er háttað í dag er þetta margra ára verkefni, er því nauðsynlegt að tryggja aukna fjárveitingar til stofnunarinnar svo vinna megi þetta sem allra fyrst.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Gunnar Þorgeirsson

formaður